




Reykjavík, 27. mars 2025
USK25030063

Gullslétta 7 – Umsögn vegna beiðni um afnotaleyfi

Svar við beiðni um umsögn við fyrir afnotaleyfi af borgarlandi vestan við Gullslétta 7.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag.



Skýringarmynd með beiðni

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin AT5a Esjumelar norðan vatnaskila og flokkast sem atvinnusvæði.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag athafnasvæðis á Esjumelum á Kjalarnesi, samþykkt í borgarráði 28 október 2016 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Sótt er um afnot af borgarlandi vestan við Gullslétta 7 á tímabilinu á tímabilinu 1.8.2025 til 1.8.2026. Svæðið liggur yfir allnokkrar lagnir en svæðið á að vera aðgengilegt þeim og vera lagt mól og plastgrindum að hluta.

Svæðið sem beiðni nær til liggur yfir lóð sem var færð inn í deiliskipulag með breytingum sem samþykktar voru í borgarráði 5. júní 2019. Þá var skilgreind lóð undir veitumannvirki sem hefur þó ekki enn verið stofnuð skv. landeignaskrá.



Haft var samband við Veitur vegna áætlana við lóðina og hvort að umbeiðt tímabil til afnota skarist á við áætlanir þeirra.



Veitur gera ekki ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist á lóð innan þess tímabils sem afnotaleyfi nær til, þá er ósk Veitna að ef sótt verður um framlengingu á leyfi, skal hafa samband við Veitur til að tryggja að áform skarist ekki við framkvæmdir á lóð.

Veitur og SKIP benda þá á að lagnir liggja um það svæði sem afnot ná til og skal passa sérstaklega að raska ekki við þeim.

Niðurstaða

- Ekki er gerð athugasemd við fyrirhugað afnotaleyfi frá skipulagslegu sjónarmiði en bent á að hafa samband við Veitur komi til framlengingu leyfis.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ágúst Skorri Sigurðsson
verkefnastjóri